



Úrskurðarnefnd  
umhverfis- og auðlindamála

Forsætisráðuneytið  
b.t. Önnu Rutar Kristjánsdóttur

Reykjavík, 8. janúar 2021

**Umsögn um áform um breytingu á stjórnáskilum (endurskoðun VII. kafla)**

Vísað er til máls 273/2020 sem kynnt er í samráðsgátt ríkisins. Í skjölum málsins eru kynnt nokkur atriði sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (hér eftir „nefndin“) veitir hér með eftirfarandi umsögn vegna.

Af hálfu nefndarinnar er því fagnað að unnið sé að samræmingu starfshátta og verklagi kærustjórnvalda en ástæða er til að gera athugasemdir við útfærslu fyrirhugaðra áforma, eins og nánar verður rakið.

*i. Lögfest verði almenn skylda æðra stjórnvalds til að halda úti vefsetri og birta úrskurði sína á þeim vettvangi.*

Engin athugasemd er gerð við þetta og skal tekið fram að nefndin hagar sinni starfsemi nú þegar í samræmi við framangreint.

*ii. Bætt verði við 1. mgr. 31. gr. stjórnáskilanna skyldu til að birta í úrskurði nöfn þeirra sem standa að úrskurði og undirskrift þeirra.*

Óljóst er hvaða tilgangi birting undirskriftar þjónar. T.d. verður hvorki séð að traust almennings á upplýsingum sem birtar eru á vef yrði meira fyrir vikið né er nefndinni kunnugt um neinar áhyggjur hvað það varðar vegna núverandi fyrirkomulags. Í úrskurðum nefndarinnar kemur fram hvaða nefndarmenn standa að niðurstöðunni og telur nefndin það fullnægjandi. Öryggissjónarmið, s.s. vegna möguleika á fölsun í ýmsum tilgangi mæla gegn því að birta myndir af undirskriftum. Einnig myndi slíkt kalla á meiri vinnu við birtingu úrskurðar. Þá er nefndinni ekki ljóst hvernig slík birting fer saman við textaleit í úrskurðum. Þekktur er möguleiki á skönnun með OCR-aðferð en slíkt nær yfirleitt ekki öllum texta rétt, sérstaklega ekki texta með broddkommum og öðrum táknum sem einkenna skrifað íslenskt mál. Þá myndi slíkt kalla á breytingar á núverandi leitarvél á vef nefndarinnar með tilheyrandi kostnaði. Vera má að betri aðferðir fyrirfinnist en þar sem yfirbygging nefndarinnar er takmörkuð leitast hún við að nýta einfalda verkferla og búnað þar sem þess er kostur.

*iii. Á eftir 31. gr. stjórnáskilanna komi nýtt ákvæði þar sem kveðið um verði á um heimild æðra stjórnvalds til frestunar á réttaráhrifum úrskurðar.*

Nefndin hefur enga sérstaka skoðun á fyrirhuguðu ákvæði en telur útfærslu þess og áhrif þurfa betri skoðunar við.

Nefndin hefur einu sinni fengið kröfu um frestun réttaráhrifa úrskurða sinna. Laut sú krafa að úrskurðum þar sem ógilt voru rekstrarleyfi og starfsleyfi vegna fiskeldis. Er um þetta fjallað í úrskurði nefndarinnar sem hér má finna <https://uua.is/urleits/3-4-5-6-og-12-2018-beidni-um->

frestun-rettarahrifa/. Svo sem þar kemur fram má finna heimildir í nokkrum lagabálkum til handa kærustjórnvöldum til að fresta réttaráhrifum eigin úrskurða. Svo sem rakið er tilvitnuðum úrskurði eru þessar heimildir kærustjórnvalda ekki bundnar sömu skilyrðum að öllu leyti. Í áformum um breytingu á stjórnsýslulögum kemur ekki fram með hvaða skilyrðum kærustjórnvöld gætu frestað réttaráhrifum eigin úrskurða og í meðfylgjandi mati á áhrifum lagasetningarinnar kemur fram að ekki sé búist við því að tillögurnar valdi auknum útgjöldum hjá þeim stjórnvöldum sem stjórnsýslulög gilda um. Þessu er nefndin ósammála.

Nefndin bendir á að tilvitnaður úrskurður krafðist mikillar vinnu. Þótt sú vinna hafi verið óvenjumikil þar sem lagaheimild var ekki til staðar fer hún eftir því með hvaða skilyrðum kærustjórnvöldum verði almennt gert heimilt að fresta áhrifum eigin úrskurða. Ef þau skilyrði eru matskennd að öllu eða miklu leyti fer óhjákvæmilega fram vinna, sem eftir atvikum getur orðið töluverð, hjá viðkomandi kærustjórnvaldi. Á meðan þurfa önnur mál að líða fyrir það. Þá er sérstök athygli vakin á því að kærsmål þau sem til umfjöllunar eru hjá nefndinni eru sum hver afar umfangsmikil þar sem stórfelldir hagsmunir allra aðila liggja að baki. Það er því viðbúið, með tilliti til þeirra hagsmuna, að krafa um frestun réttarahrifa úrskurða í þeim málum komi oft fram. Þessi breyting getur því haft töluverð áhrif á störf nefndarinnar og þar með kallað á frekari fjárveitingar. Þetta þarf að meta með miklu nákvæmari hætti og er ekki hægt að gefa sér þær forsendur að ekki komi til meiri tilkostnaðar.

Þá bendir nefndin á að samkvæmt þeim heimildum sem nú eru þegar til staðar eru gerðar mismunandi kröfur um þann tíma sem aðili hefur til að höfða dómssmál verði áhrifum úrskurðar frestað. Samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er kærufrestur til nefndarinnar stuttur og gert ráð fyrir stuttum málsmeðferðartíma hennar. Er það gert í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem geta verið undir. Sömu sjónarmið hlytu að gilda um fresti til höfðunar dómssmáls í kjölfar úrskurðar nefndarinnar.

*iv. Við lög nr. 21/1994 um öflun álits EFTA dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið bætist nýtt ákvæði þar sem kveðið verði á um heimild sjálfstæðra stjórnsýslunefnda til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins.*

Sum þeirra sjónarmiða sem áður voru reifuð vegna næsta iii. eiga einnig við hér. Þannig hefur nefndin enga sérstaka skoðun á því að þessar heimildar njóti en það eru þó tvenns konar áhrif sem þar þarf að skoða.

Nefndin hefur úrskurðað um þetta álitaefni að kröfu umhverfisverndarsamtaka, en slík samtök njóta aðildar fyrir nefndinni skv. lögum nr. 130/2011. Niðurstaða nefndarinnar hefur verið að heimild til að leita ráðgefandi álits EFTA dómstólsins sé ekki til staðar. Eftir fleiri en eitt fordæmi nefndarinnar hafa beiðnir um slíkt álit ekki komið fram en búast má við slíkri beiðni frá umhverfisverndarsamtökum í málum sem varða mat á umhverfisáhrifum, enda eru íslensk lög þess efnis byggð á evróputilskipunum sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt. Það er því ekki hægt að fullyrða án nánari skoðunar að ekki sé búist við því að tillögurnar valdi auknum útgjöldum vegna þessa.

Þá þarf að skoða áhrif á málshraða fyrir nefndinni. Eins og áður hefur fram komið hefur nefndin skamman tíma til að ljúka meðferð mála. Ef neytt yrði heimildar til að leita álits EFTA dómstólsins er fyrirsjáanlegt að sá tími myndi lengjast. Það yrði því að búa svo um hnútana t.d. að frestað yrði meðferð málsins hjá nefndinni á meðan þannig að tími í að afla álits teldist ekki með í málsmeðferðartíma. Einnig er líklegt að hagsmunaaðilar mótmæli því að málsmeðferð

lengist í þessum málum þar sem hagsmunir eru allajafna miklir af því að fá skjóta úrlausn eins og skammir frestir bera með sér.

v. *Kannað verði hvort ástæða sé til að bæta ákvæði við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um hvernig standa skuli að lausn nefndarmanns sjálfstæðrar stjórnslunefndar.*

Það gæti verið praktískt að kanna hvort ástæða sé til að bæta við ákvæði um hvernig standa skuli að ad hoc skipan nefndarmanns (þ.m.t. formanns og varaformanns) t.d. í lengri forföllum vegna veikinda, námsleyfis o.s.frv.

vi. *Aðrar breytingar með það að markmiði að skýra og samræma málsmeðferð stjórnvalda.*  
Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Nanna Magnadóttir  
forstöðumaður

